



Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

11. júlí 2022

**Varðandi: Geitdalsárvirkjun – viðbrögð við umsögnum við matsáætlun**

Geitdalsárvirkjun ehf. hefur móttækið umsagnir frá umsagnaraðilum og almenningi við matsáætlun fyrir Geitdalsárvirkjun í Múlaþingi.

Hér á eftir verða sett fram viðbrögð við þeim umsögnum sem bárust (tafla 1).

Umsagnir bárust frá eftirfarandi umsagnaraðilum:

- Hafrannsóknastofnun, 15. mars 2022
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands, 24. mars 2022
- Landsnet, 29. mars 2022
- Minjastofnun Íslands, 5. apríl 2022
- Náttúrufræðistofnun Íslands, 5. apríl 2022
- Veðurstofa Íslands, 5. apríl 2022
- Múlaþing, 11. apríl 2022
- Orkustofnun, 2. maí 2022
- Umhverfisstofnun, 29. júní 2022

Auk framangreindra umsagna, kom fram í tölvupósti frá Umhverfisstofnun, dags. 16. mars 2022, að stofnunin muni ekki veita umsögn á þessu stigi nema eftir því verði óskað sérstaklega með vísan í sérstakt mikilvægi. Ástæðan er sú að stofnunin er eingöngu lögbundinn umsagnaraðili við gerð umhverfismatsskýrslu með vísan í 2. mgr. 68. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Auk framangreindra umsagna, bárust umsagnir frá eftirfarandi aðilum:

- Landvernd, 5. apríl 2022
- Náttúrugrið, 5. apríl 2022
- Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST), 5. apríl 2022
- Jón Hjalti Þorsteinsson, 23. mars 2022
- Þórhallur Pálsson, 24. mars 2022
- Landerfingjar í Skriðdal, 31. mars 2022
- Pétur Heimisson, 4. apríl 2022
- Stefán Skafti Steinólfsson, 4. apríl 2022
- Guðmundur Ármannsson og Gréta Ósk Sigurðardóttir, 5. apríl 2022
- Ingibjörg, Jónína og Einar, 5. apríl 2022



Tafla 1 Umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila.

Umsögn		Viðbrögð
<b>Hafrannsóknastofnun (Hafró)</b>		
1	Hafró bendir á að vatnsmiðlun vegna virkjunarinnar muni hafa áhrif á rennsli í öllum farvegum Leirudalsár, Geitdalsár og Grímsár, en ekki aðeins á milli miðlunarólóns og stöðvarhúss eins og fjallað sé um í matsáætluninni.	<i>Hér hefur texti í matsáætlun ekki verið nógu ítarlegur, en rannsóknir sem gerðar voru sumarið 2019 fóru fram á stöðum frá Leirudalsá og ónefndum ám um Geitdalsá og hliðará sem í hana falla, allt til Grímsár, auk vatna í Leirudal og tjarna innan áhrifasvæðisins.</i>
2	Hafró nefnir í umsögn sinni að gert sé ráð fyrir rannsóknum á lífríki í vatni en að óljóst sé hver tilgangur sýnatöku vegna vatnalífvera sé eða hvar hún er fyrirhuguð.	<i>Samkvæmt upplýsingum frá Náttúrustofu Austurlands er tilgangur rannsókna á lífríki í vatni að lýsa grunnástandi m.t.t. blaðgrænu, hryggleysingja og fisktegunda. Í skýrslu um niðurstöður grunnrannsókna á lífríki verður gerð grein almennt fyrir mögulegum áhrifum framkvæmda eins og þeirra sem fyrirhugaðar eru á lífríki í vatni. Einnig verður fjallað um mögulegar mótvægisáðgerðir í takt við niðurstöður rannsókna.</i>
3	Hafró segir að ekki sé fjallað um að metið verði hver áhrif virkjunar verði á lífríki í vatni en rannsóknir á lífríki þurfi að miða að því að svara spurningum um hver hugsanleg áhrif virkjunar á vatnalíf verða og í matsskýrslu þurfi að fjalla um hver líkleg áhrif framkvæmdar verða, dekka þurfi allt áhrifasvæðið.	<i>Í kafla 4.1 kemur fram að fyrir hvern umhverfisþátt fyrir sig verði áhrifin metin. Þetta á við um vatnalíf sem og aðra umhverfisþætti.</i>
4	Verði mat á áhrifum neikvætt megi hugsanlega minnka þau með mótvægisáðgerðum en engin slík umfjöllun sé í matsáætluninni. Í matsskýrslu þurfi einnig að taka fyrir mögulegar mótvægisáðgerðir en þar skiptir m.a. máli hvernig rekstri virkjunar verði háttáð þar sem það hefur mikil áhrif á rennsli í þeim farvegum sem eru á áhrifasvæði virkjana.	<i>Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir mögulegum mótvægisáðgerðum þar sem unnt verður að grípa til slíkra áðgerða.</i>
5	Bent er á að gera þurfi áætlun um vöktun á lífríki á rekstrartíma virkjunar.	<i>Tillaga að vöktunaráætlun verður sett fram í umhverfismatsskýrslu.</i>
6	Hafró bendir á að nauðsynlegt sé að framkvæmdin verði framkvæmd á þann hátt að virkjunin hafi sem minnst áhrif á vistkerfi vatna og að vistkerfi í ám og vötnum sem verði fyrir áhrifum af framkvæmdunum nái markmiðum laga um stjórn vatnamála um a.m.k. gott vistfræðilegt ástand. Í því samhengi sé nauðsynlegt að skilgreina allar þær mótvægisáðgerðir sem eigi að fara í til að minnka áhrif virkjunarinnar á vistkerfi í þeim vötnum sem verða fyrir áhrifum. Liður í því sé að skilgreina lágmarksrennsli í farvegum neðan stíflu þannig að þeir fari ekki á þurrt. Eins þurfi að liggja fyrir hvað skuli gera á þurrkatímabilum sem hafi mjög mikil áhrif á rennsli dragáa, líkt og þær sem eru til umfjöllunar í matsáætluninni.	<i>Eins og fram kemur í viðbrögðum við efnisatriði 4 hér að framan verður í umhverfismatsskýrslu gerð grein fyrir mögulegum mótvægisáðgerðum þar sem unnt er að grípa til slíkra áðgerða</i>

Umsögn		Viðbrögð
6	Bent er á að í matsáætluninni á bls. 23 er misræmi við það sem fram kemur í kafla 4.4.6 um vatnalíf. Í samantektinni kemur fram að botnlægir þörungar verði tegundagreindir en í kafla 4.4.6 er sagt að nota eigi bbe Benth Torch (það stendur reyndar bbe BechnoTorch sem er villa) til að mæla lífmassa botnþörunga (blaðgrænu a) og hlutfall grænþörunga, kísilþörunga og blágrænna baktería. Ekki er hægt að gera tegundagreiningu á þörungum með Benth Torch heldur byggir sú greining á mjög mikilli nákvæmnisvinnu sem gerð er í smásjá af mjög sérhæfðu starfsfólki.	<i>Samkvæmt upplýsingum frá Náttúrustofu Austurlands er um ásláttarvillu að ræða varðandi tækið sem notað er. Sama eigi við þar sem segir að tegundagreina eigi botnþörunga. Það stóð aldrei til, heldur eingöngu að meta ætti lífmassa þeirra og hlutfall blábaktería, græn- og kísilþörunga, eins og tækið gerir á vettvangi.</i>
7	Bent er á aðra villu á bls. 21 í matsáætluninni, þar sem fjallað er um söfnun sýna til greininga á hryggleysingjum. Þar er sagt að gerðar verði mælingar á hita, leiðni og sýrustigi, svo hægt sé að magnbinda niðurstöður. Mælingar á hita, leiðni og sýrustigi eru ekki framkvæmdar til að magnbinda niðurstöður hryggleysingarannsóknna, heldur til að mæla akkurat þætti sem lúta að rannsókn á eðlis-efnafræðilegum þáttum í vatninu.	<i>Framkvæmdaraðili þakkar þessa leiðréttingu. Orðalagið um að mælingarnar séu til að „magnbinda niðurstöður“ rataði inn í matsáætlunina fyrir mistök. Fyrst og fremst er um að ræða lýsingu í skrásetningu þátta á vettvangi, þ.e. lengd sniða þar sem rafveitt er og yfirborðsflatarmál steina þar sem tekin eru sýni af hryggleysingjum.</i>
8	Gerð er athugasemd við það að ekki eigi að mæla aðra eðlis-efnafræðilega þætti svo sem styrk uppleystra efna í vatninu (aðal-, snefil-, og næringarefni). Verði útskolun á efnunum úr lónstæði vegna framkvæmdanna hefur það áhrif á efnastyrk í vatninu sem rennur úr lóninu.	<i>Samkvæmt upplýsingum frá Náttúrustofu Austurlands hefur verið breytilegt eftir framkvæmdum hvort farið hafi verið fram á að slíkar mælingar séu gerðar. Þannig virðist það t.d. ekki hafa verið gert í rannsóknnum vegna fyrirhugaðrar Hvalárvirkjunar né heldur Blönduvirkjunar eða Þverár-virkjunar í Vopnafirði. Aftur á móti var það t.d. gert við rannsóknir vegna Kárahnjúkavirkjunar. Hafró gerði engar athugasemdir við að þessar rannsóknir vantaði í drögum að matsáætlun.</i>
9	Hafró segir jafnframt að mikilvægt sé að leggja mat á hve mikið lífrænt efni fari á kaf við lónagerðina þar sem rotnun lífræns efnis veldur losun á gróðurhúsalofttegundum.	<i>Mælingar sem þessar hafa lítið sem ekkert verið gerðar fram að þessu við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Að mati framkvæmdaraðila bæta þær litlu við fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Þá var ekki farið fram á þessar mælingar í viðbrögðum Hafró við drög að matsáætlun.</i>
<b>Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HA)</b>		
1	Í umsögn HA er kveðið á um þau leyfi sem eru háð starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands.	<i>Tekið er á leyfismálum í matsáætlun. Þessi umfjöllun verður endurskoðuð í umhverfismatskýrslu með hliðsjón af umsögn HA.</i>
<b>Landsnet</b>		
1	Landsnet gerir ekki athugasemdir við undirbúning umhverfismats virkjunarinnar á þessu stigi.	<i>Ekki er þörf á viðbrögðum.</i>

Umsögn		Viðbrögð
<b>Minjastofnun Íslands</b>		
1	Minjastofnun minnir á mikilvægi þess að fornleifar verði skráðar á öllum svæðum sem tengjast framkvæmdinni og þar sem jarðrask er fyrirhugað, t.a.m. á leið jarðstrengs og þar sem efni verður sótt.	<i>Framkvæmdaraðili mun sjá til þess að fornleifar verði kannaðar á öllum svæðum sem kunna að raskast.</i>
<b>Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ)</b>		
1	NÍ vekur athygli á að innan svæðisins séu fossar, vötn og votlendi sem njóti sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga og að gera þurfi grein fyrir þeim. NÍ bendir á að greina þurfi betur votlendissvæði innan framkvæmdasvæðisins því að kortlagning vistgerða í vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar frá 2017 byggir að mestu leyti á fjarkönnun þar sem votlendisvistgerðir reynast stundum vanmetnar.	<i>Í kafla 2.2 í matsáætlun kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði skoðað hvort einhverjar jarðmyndanir eða vistgerðir njóti sérstakrar verndar. Þá segir í kafla 4.4.3 að Náttúrustofa Austurlands muni afla nákvæmra upplýsinga um gróðurfar á svæðinu og gera grein fyrir vistgerðum á framkvæmdasvæðinu. Nánar tiltekið er gert ráð fyrir að ganga fyrirhugað framkvæmdasvæði og 100 m áhrifasvæði og kortleggja gróður. Votlendi sem fellur innan framkvæmdasvæðis verður afmarkað út fyrir það til að geta metið hvort það fellur undir lög um náttúruvernd vegna stærðar. Einnig verður gerð grein fyrir verndargildi vistgerða á svæðinu í takt við þá flokkun sem birt hefur verið í fjölríti NÍ um vistgerðir á Íslandi sem m.a. byggir á Bernarsamningnum.</i>
2	NÍ bendir á að í náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar sé skrá um Geitdalsgriðlandið og náttúrufar þess. Þar er fjallað um birki- og víðikjarr í hlíðum dalsins, en sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré, njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.	<i>Í umhverfismatsskýrslu verður skoðað hvort fyrirhugaðar framkvæmdir hafi áhrif á umrætt griðland.</i>
3	Í umsögn NÍ er bent á að í nálægð svæðisins séu tvö svæði á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar. Þetta séu svæði nr. 618 Ranaskógur og Gilsárgil og svæði nr. 619 Þingmúli, Skriðuvatn, Haugahólar og Vatnaskógur. Gera þurfi grein fyrir mögulegum áhrifum framkvæmda á þessi náttúruminjasvæði.	<i>Í umhverfismatsskýrslu verður skoðað hvort fyrirhugaðar framkvæmdir hafi áhrif á umrædd svæði.</i>
4	NÍ bendir á að meta þurfi áhrif virkjunarframkvæmda á fyrirhugaðan miðhálandisþjóðgarð sem hafi verið í undirbúningi undanfarin ár.	<i>Þetta verður skoðað í umhverfismatsskýrslu.</i>
5	Bent er á að upplýsingar um jarðfræði svæðisins skorti að stórum hluta. Upplýsingar um berggrunn og jarðgrunn svæðisins séu takmarkaðar og þurfi að skoða betur.	<i>Eins og fram kemur í kafla 4.4.7 verður unnin greining á jarðfræði svæðisins og kannað hvort þar séu jarðfræðiminjar sem huga þurfi að. Greint verður frá niðurstöðum í umhverfismatsskýrslu.</i>

Umsögn		Viðbrögð
6	Ní vekur athygli á að framkvæmdasvæðið liggur innan svæðis sem flokkast sem óbyggð víðerni skv. náttúruverndarlögum. Óbyggð víðerni séu nær horfin í Evrópu og fágæt á Íslandi. Alþjóðleg ábyrgð Íslands um að vernda þessi svæði sé mikil. Gera þurfi grein fyrir óbyggðum víðernum innan framkvæmdasvæðisins og skerðingu þeirra.	<i>Eins og fram kemur í kafla 4.4.2 verður metið hvort fyrirhugaðar framkvæmdir skerði óbyggð víðerni.</i>
7	Ní bendir á að gera þurfi grein fyrir árstíðabundnum sveiflum í miðlunarlóninu og inntakslóninu með tilliti til bakkarofs og uppblásturs vegna mögulegra breytinga í vatnsborði lónanna. Í því samhengi er vakin athygli á því sem fram kemur í matsáætlun, að skerðing á rennsli geti verið allt að 80%, bæði yfir sumar- og vetrartíma.	<i>Umrædd atriði verða skoðuð og gerð grein fyrir þeim í umhverfismatskýrslu.</i>
8	Bent er á að gera þurfi grein fyrir legu á öllum lögnum og vegafamkvæmdum sem tengjast virkjunarframkvæmdum og áhrifum þeirra á ásýnd svæðisins.	<i>Í umhverfismatskýrslu verður ítarleg framkvæmdalýsing þar sem gerð verður grein fyrir öllum framkvæmdum sem tengjast fyrirhugaðri virkjun.</i>
9	Bent er á að gera þurfi grein fyrir efnistökusvæðum og áhrifum þeirra á umhverfið.	<i>Í kafla 3.3 í matsáætlun er sett fram mjög gróf efnisáætlun fyrirhugaðra framkvæmda. Þar kemur jafnframt fram að greint verði nánar frá efnistöku í umhverfismatskýrslu.</i>
10	Ní bendir á að gera þurfi betur grein fyrir aðferðum sem beitt er við fuglaathuganir, hvort um er að ræða t.d. sniðtalningar, kortlagningu o.s.frv. Eins mættu tímasetningar athugana vera skýrari. Að lokum má athuga orðalag í eftirfarandi setningu: „Seinni ferðin er farin um mitt sumar til að ná til fugla sem geta verið í síðbúnu varpi og verpa gjarnan hærra, einkum mófuglar með unga.“ Hér færi betur að sleppa „með unga“ í lok setningar.	<i>Samkvæmt upplýsingum frá Náttúrustofu Austurlands verður fyrirhugað framkvæmdasvæði gengið og leitað eftir vatnafuglum í aðliggjandi lækjum, ám og vötnum. Fuglar eru taldir í beinni talningu, m.a. með fjarsjá og gönguleiðir hnitsettar. Litið verður eftir atferli til að meta líkur á hvort um varpfugla er að ræða. Hreiður sem gengið er fram hjá eru skrásett ásamt fjölda eggja. Á láglandi fer fuglaúttekt fram í lok maí og byrjun júní, en ofan neðra lónstæðis og upp í Leirudal fyrri hluta júlí. Við úrvinnslu verður leitað frekari heimilda, m.a. upplýsinga um varpstaði fálka, bæði hjá staðkunnugum og hjá NÍ. Þá eru til ágætar heimildir um heiðagæsavarp í Geitdal 2008-2012. Þá verður gerð grein fyrir fuglum sem sáust í öðrum rannsóknnum á svæðinu, s.s. við gróðurkortlagningu sem fór fram í ágúst 2019 og við vatnalífrikisrannsóknir sem m.a. fóru fram í september sama ár.</i>
<b>Veðurstofa Íslands</b>		
1	Veðurstofan gerir ekki athugasemdir við matsáætlunina.	<i>Ekki er þörf á viðbrögðum.</i>
<b>Múlaþing</b>		
1	Múlaþing segir nauðsynlegt að fyrirhugaðir nýir efnistökuastaðir verði tilgreindir í umhverfismati og áhrif á þá metin.	<i>Eins og fram kemur í matsáætlun er ráðgert að vinna jarðgrunnsathugun sumarið 2022, sem mun leiða í ljós hvar unnt verður að sækja efni. Greint verður frá niðurstöðum í umhverfismatskýrslu.</i>

Umsögn		Viðbrögð
2	Í umfjöllun um samfélagsleg áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar væri æskilegt að skoða áhrif á búrekstur og ræktunarmöguleika á nærliggjandi jörðum, sérstaklega í Skriðdal.	<i>Í umhverfismatsskýrslu verður reynt að leggja mat á það hvort fyrirhuguð virkjun hafi áhrif á búrekstur og ræktunarmöguleika á nærliggjandi jörðum.</i>
3	Múlaþing leggur áherslu á að í umhverfismati verði gerð grein fyrir mögulegum mótvægisáðgerðum og vöktunaráætlunum á ábyrgð framkvæmdaraðila í tengslum við röskun umhverfisþátta.	<i>Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á, sbr. það sem segir í 22. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.</i>
4	Múlaþing leggur áherslu á að í umhverfismati verði lagt mat á stækkunarmöguleika virkjunarinnar og möguleg áhrif þeirra metin samhliða.	<i>Í tengslum við valkostaumfjöllun í umhverfismatsskýrslu, sbr. það sem fram kemur í kafla 3.4 í matsáætlun, verður fjallað um stærð virkjunar og stækkunarmöguleika.</i>
5	Óskað er eftir því að í umhverfismati verði borin saman áhrif af plægingu strengja í jörð annars vegar og hins vegar ef um er að ræða loftlínu.	<i>Þess má geta að nú er ljóst að virkjunin verður tengd með jarðstreng og því ekki þörf á að bera þau áhrif saman við það að tengja virkjunina með loftlínu. Samið hefur verið við landeigendur um lagnaleið jarðstrengs.</i>
6	Í umfjöllun um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á útivistarmöguleika telur sveitarfélagið gagnlegt að tilgreina hvernig aðgengi að svæðinu verður háttað. Hversu stór hluti, ef einhver, verður lokaður umferð almennings og er gert ráð fyrir óheftri umferð almennings um 23 km aðkomuveg sem fyrirhugað er að leggja inn Geitdal?	<i>Fjallað verður um aðgengi almennings að svæðinu í umhverfismatsskýrslu en reikna má með að framkvæmdaraðili hafi um það samráð við sveitarfélagið.</i>
7	Bent er á að áætlanir varðandi uppsett afl og orkugetu byggja á á líkanareikningum unnum árið 2000 miðað við rennislisraðir fyrir vatnsárin 1950/51 til 1997/98. Ástæða er til að skoða hvort ekki sé rétt að uppfæra þessar upplýsingar og byggja áætlanir á nýrri gögnum.	<i>Reiknaðar hafa verið rennislisraðir fyrir tímabilið 1958 til 2018 og munu orkugetureikningar byggja á þeim.</i>
Orkustofnun		
1	Orkustofnun bendir á að ekki liggi fyrir í framlögðum gögnum hvaða forsendur liggi að baki reikningum á virkjuðu rennsli sem geti leitt til 9,9 MW virkjunar, einkum er varðar miðlað rennsli. Ekki sé tilgreint hvert verði áætlað miðlunarrými né um rennsli, með og án miðlunar. Að mati Orkustofnunar þurfi í matsskýrslu að fjalla um rennsli, miðlun, framhjärennsli og nánar um fyrirhugaðar veitur, ekki síst varðandi Múlaá. Jafnframt veltir stofnunin því upp hvort rekstraraðili hafi reiknað kosti og galla aukinnar framleiðslugetu, en með meiri breytileika í framleiðslu en lesa má úr gögnum.	<i>Í umhverfismatsskýrslu verður gerð nánari grein fyrir öllum forsendum að baki áformum um Geitdalsárvirkjun.</i>
2	Stofnunin bendir á að valkostagreining þurfi jafnt að taka til hönnunar framkvæmdarinnar, tækni, staðsetningar, stærðar og umfangs, þ.m.t. nýtingu auðlinda. Telur stofnunin að gera þurfi betur grein fyrir því hvernig sú tilhögun sem fyrirhuguð er, þ.m.t. afl virkjunar var ákveðin og hvaða áhrif veita úr Miðá hafi á afl, framleiðslu og umhverfi. Þá komi ekki fram þörf á veitu úr þverá Leirudalsár í miðlunarlónið.	<i>Gerð verður nánari grein fyrir öllum forsendum virkjunar í umhverfismatsskýrslu.</i>

Umsögn		Viðbrögð
3	Orkustofnun vekur athygli á að allt land undir fyrirhugaða Geitdalsárvirkjun kann að verða tekið að nýju til meðferðar sérstakrar óbyggðanefndar skv. 1. málslíð 10. gr. þjóð-lendulaga nr. 58/1998, sbr. minnisblað sérstakrar óbyggðanefndar, dags. 19. janúar 2022. Óvissa kunni því að koma upp varðandi eignarhald og vatnsréttindi á síðari stigum máls.	<i>Tekið verður á hugsanlegri óvissu varðandi eignarhald og vatnsréttindi ef til þess kemur.</i>
<b>Umhverfisstofnun</b>		
1	Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir efnistöku og vegagerð. Ekki sé nægjanlegt að ætla einungis að gera grein fyrir efnistöku í starfsleyfi eins og segir í matsáætluninni. Starfsleyfi sé ekki réttur vettvangur fyrir slíka umfjöllun, sérstaklega þar sem hér sé um „nýtt“ svæði að ræða og því verði að gera grein fyrir þessum þáttum sem ráði miklu um ásýnd virkjunarsvæðisins.	<i>Það er ekki ætlunin að gera einungis grein fyrir efnistöku í starfsleyfi. Eins og fram kemur í kafla 3.3 verður unnin jarðgrunnssathugun sumarið 2022 sem mun leiða í ljós hvar unnt verður að sækja efni. Þar kemur jafnframt fram að í umhverfismatskýrslu verði greint nánar frá efnistöku. Í kafla 4.3 kemur einnig fram að efnistaka ásamt haugsetningu sé einn af áhrifaþáttum framkvæmdarinnar. Í kafla 3.2 er greint frá fyrirhugaðri vegagerð. Jafnframt kemur fram í kafla 4.3 að vegagerð er einn af áhrifaþáttum framkvæmdarinnar. Af framansögðu má ljóst vera að gerð verður grein fyrir efnistöku og vegagerð í umhverfismatskýrslu.</i>
2	Umhverfisstofnun segir að gera þurfi grein fyrir raski vegna lagningar aðrennslispípu og hvernig frágangi verði háttað. Í því sambandi bendir Umhverfisstofnun á frágang sambærilegs mannvirkis frá Lóni á Fjarðarheiði og niður Stafi að stöðvarhúsi, sem að mati stofnunarinnar hefur tekist mjög vel.	<i>Gerð verður grein fyrir aðrennslispípu eins og fram kemur í kafla 3.2 (heitir þar þrýstipípa). Framkvæmdaraðili þakkar ábendingu Umhverfisstofnunar varðandi frágang, en honum er mikið í mun að viðhafa frágang eins og hann gerist hvað bestur.</i>
3	Umhverfisstofnun segir þessa framkvæmd framhald af svokallaðri Hraunaveitu sem gerð var eftir byggingu Kárahnúkavirkjunar. Bendir Umhverfisstofnun á að frágangur Landsvirkjunar á virkjunarsvæði Kárahnjúkavirkjunar hafi að mati stofnunarinnar heppnast vel og geti því verið fyrirmynd um hvernig ganga eigi frá á fyrirhuguðu virkjunarsvæði.	<i>Framkvæmdaraðili þakkar aftur ábendingu Umhverfisstofnunar varðandi frágang og mun örugglega horfa til þeirra fordæma sem stofnunin bendir á.</i>
<b>Landvernd</b>		
1	Landvernd segir umrædd áform sýna fram á mikilvægi þess að breyta viðmiðum svo framkvæmdaaðilar komist ekki upp með að ráðast í jafn stórtækar virkjunar-framkvæmdir og hér um ræðir án umfjöllunar faghópa og verkefnisstjórnar um rammaáætlun. Benda samtökin á að ef af framkvæmdum verður, séu auknar líkur á enn frekari framkvæmdum á svæðinu til framtíðar þar sem fyrirtækið hyggur jafnvel á stækkun virkjunar á síðari stigum. Benda samtökin á að þessi áform séu ekki eingöngu	<i>Í umhverfismatskýrslu verður nánari grein gerð fyrir því hver endanleg stærð af afköst virkjunar koma til með að verða. Framkvæmdaraðili hefur enga skoðun á sýn Landverndar til viðmiða rammaáætlunar. Fullyrðingar samtakanna um að áformin valdi eyðileggingu á víðernum og náttúru og séu ávísun á erfiðar deilur eru ekki svaraverðar.</i>



Umsögn	Viðbrögð
<p>ávísun á eyðileggingu verðmætra víðerna og náttúru heldur séu þau einnig ávísun á erfiðar deilur sem spilla munu samheldni og friði í aðliggjandi samfélögum.</p>	
<p>2</p> <p>Landvernd bendir á að óbyggð víðerni njóti sérstakrar verndar og að fyrirhuguð virkjun myndi raska votlendi, stöðuvötnum og tjörnum, sem einnig njóti sérstakrar verndar. Þá séu vistgerðir á framkvæmdasvæðinu sem njóti sérstakrar verndar.</p> <p>Landvernd fullyrðir að áform um virkjun muni hafa óafturkræf umhverfisáhrif í för með sér og að margar fallegar fossaraðir muni hverfa eða raskast verulega við framkvæmdina. Við umhverfismat sé mikilvægt að meta sérstaklega verndargildi margra fallegra og tilkomumikilla fossa á svæðinu. Þá þurfi að meta hvaða áhrif virkjunin myndi hafa á svæðið sem færir undir land vegna þess hve landið er viðkvæmt og í ljósi þess að áhrif á gróðurfar verða mikil. Jafnhliða sé nauðsynlegt að meta og áætla hversu mikið rof verður kringum lónstæði en gera megi ráð fyrir miklum yfirboðssveiflum, sérstaklega við áformað miðlunarlón í Leirdal.</p> <p>Landvernd segir að svæðið verði mun verðmætara óvirkjað en virkjað fyrir núverandi og komandi kynslóðir, ekki síst í ljósi þess hve mikið hefur verið virkjað í nálægu umhverfi sbr. Hraunaveitur og Háslón Kárahnjúkavirkjunar. Á þessum hluta Hraunasvæðis hefur fólk notið upplifunar í kyrrð innan um lítt snortin víðerni. Þessi verðmæti verði ekki metin til fjár og megi af því tilefni minna á stórauðna meðvitund íbúa þessa heims að verðmæti eru í dag ekki síst metin í auknum lífsgæðum og bættri lýðheilsu og þá ekki síst með upplifun af lítt snortinni náttúru.</p>	<p><i>Eins og fram hefur komið verða áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á óbyggð víðerni metin. Þá verða áhrif á rennislisbreytinga á fossa metin eins og fram kemur í kafla 4.4.1. Einnig verður skoðað hvort einhverjar jarðmyndanir eða vistgerðir njóti sérstakrar verndar eins og fram kemur í kafla 2.2.</i></p> <p><i>Í umhverfismatsskýrslu verður hugsanlegt rof í kringum lónstæðið skoðað út frá ráðgerðum yfirborðssveiflum.</i></p>
<p>3</p> <p>Landvernd veltir fyrir sér hverjum orkan nýtist. Ekki verði séð að áformuð Geitdalsár-virkjun tengist á neinn hátt aðgengi almennings eða fyrirtækja á Austurlandi að þessari tilteknu raforkuframleiðslu. Stjórn Landverndar fær því ekki séð hvaða brýnu almannahagsmunir eru í húfi á svæðinu sem réttlæti jafn gríðarlega röskun á náttúruverðmætum sem ekki megi spilla samkvæmt gildandi náttúruverndarlögum.</p> <p>Landvernd segir svæðið vera margfalt verðmætara óvirkjað en virkjað fyrir núverandi og komandi kynslóðir, ekki síst í ljósi þess hve mikið hefur verið virkjað í nálægu umhverfi. Nú þegar sé raforkuframleiðsla á íbúa á Íslandi sú langmesta í heiminum og nú þegar sé gríðarlegt magn raforku framleitt með stærstu virkjun landsins ásamt nokkrum öðrum virkjunum. Það að fórna meira af víðernum og náttúru Austurlands undir virkjanir sem fyrst og fremst séu byggðar til þess að skapa eigendum sínum hagnað séu köld skilaboð til náttúruverndar í viðkomandi landshluta. Ef af verður muni hagnaður virkjunarinnar til einkaaðila verða niðurgreiddur með náttúruspjöllum á kostnað nærsamfélagsins og fyrst og síðast náttúrunnar sjálfrar. Stjórn Landverndar telur hins vegar nauðsynlegt,</p>	<p><i>Í frummatsskýrslu verður umfjöllun um samfélagsleg áhrif eins og fram kemur í kafla 4.4.9, þar á meðal um möguleg áhrif á raforkumarkaðinn hvað varðar framboð og afhendingaröryggi með tilheyrandi áhrifum á atvinnulíf og samkeppnishæfni svæðisins.</i></p> <p><i>Eins og áður hefur komið fram verða metin áhrif fyrirhugaðrar virkjunar á óbyggð víðerni.</i></p> <p><i>Hvað varðar að meta efnahagsleg áhrif, þá bera að nefna að í úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 30/2019 um fiskeldi Austfjarða, Berufirði, er áréttað að „rök af efnahagslegum toga eiga almennt ekki við þegar umhverfisáhrif eru metin.....Eiga þau rök fyrst og fremst við þegar kemur að ákvörðun um hvort samþykkja skuli eða synja um leyfi.“</i></p>



Umsögn		Viðbrögð
	m.a. í ljósi andstöðu og klofnings meðal íbúa að inn í matsáætlun verði sérstaklega lagt mat á bæði efnahagsleg og samfélagsleg áhrif áformaðrar virkjunar meðal allra íbúa í Skriðdal. Ef til framkvæmda kemur, verði fyrirtækinu sem í hlut á gert að greiða fyrir skaðann í samræmi við gildandi ákvæðum um mengunarbótaregluna.	
4	Landvernd vekur athygli á að eitt meginmarkmiða Landsskipulagsstefnu 2015-2026, sé að viðhalda sérkennum og náttúrugæðum miðhálandisins með áherslu á verndun víðerna hálandisins, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og verðmætra menningarminja. Umfangsmikil mannvirkjagerð, eins og hér er um að ræða, eigi ekki heima í óbyggðu víðerni hálandisins.	<i>Eins og fram kemur í kafla 2.1 verður í umhverfismatsskýrslu, fjallað um hvernig fyrirhuguð uppbygging fellur að stefnumörkun Landsskipulagsstefnu 2015-2026, m.a. að umræddu markmiði.</i>
5	Landvernd segir orkuöflun á Austurlandi ekki hafa haft víðtæk áhrif á íbúafjölda. Þannig hafi íbúum eingöngu fjölgað um 603 á milli árána 2003, áður en bygging Kárahnjúkavirkjunar hófst, og 2012 (5 árum eftir gangsetningu hennar), en hjá Fjarðaáli starfa rúmlega 400 manns. Eftir árið 2015 fór svo íbúum að fjölga, fyrst og fremst vegna starfa við ferðaþjónustu, en hún hvílir einmitt á einstakri náttúru svæðisins sem eftir stendur. Í ljósi reynslunnar af því hve alvarleg neikvæð samfélagsáhrif deilur um virkjanir hafa, er mikilvægt að fjallað verði um þennan þátt í matsskýrslu.	<i>Í umhverfismatsskýrslu verða skoðuð möguleg áhrif fyrirhugaðrar virkjunar á ferðaþjónustu og útivist og atvinnulíf almennit á Austurlandi.</i>
6	Landvernd segir í umsögn sinni, að virkjanir á borð við þessa séu þekktar fyrir að tvístra upp minni samfélögum og það sé mikilvægt að gott samráð eigi sér stað við íbúa í nærsamfélaginu svo og alla íbúa Múlaþings. Þá segir, að rétt sé að halda því til haga að íslenska ríkið á stóran hluta þess lands sem áætlað er að spilla og því sé fráleitt að líta á að þessi nýting á sameiginlegum auðlindum á þjóðlendum okkar sé einkamál virkjunaraðila og eða einstakra sveitarfélaga.	<i>Verkefnið hefur nú þegar verið kynnt á íbúafundi í tengslum við fyrirhugaða aðalskipulagsbreytingu sem ráðast þarf í (sjá kafla 2.1). Þegar umhverfismatsskýrslan liggur fyrir, mun íbúum aftur gefast kostur á að koma umsögnum á framfæri auk þess sem framkvæmdaraðili ráðgerir að halda íbúafund þar sem niðurstöður matsins verða kynntar.</i>
7	Stjórn Landverndar andmælir staðhæfingu sem kemur fram við mynd 2.8, þar sem fullyrt er að vatn muni áfram renna um ákveðna fossa á svæðinu en að rennslíð í þeim verði jafnara. Landvernd segir það vera hluta af töfrum fossa að vatnsmagn sé breytilegt eftir árstíð og veðurfari og að vatnsrennslí sé ekki undir stjórn manna. Stjórn Landverndar dregur það stórlega í efa að fullyrðingin standist og að auki sé hún verulega óljós. Jafnt rennslí þýði ekki að það verði jafnt kröftugt og rennslíð sem flæðir nú um svæðið.	<i>Í umhverfismatsskýrslu verða áhrif rennslisbreytinga á fossa metin eins og fram kemur í kafla 4.4.1.</i>

Umsögn		Viðbrögð
<b>Náttúrugrið</b>		
1	Náttúrugrið gera athugasemd við að umfjöllun um óbyggð víðerni séu sett undir ásýnd í matsáætlun. Vakin er athygli á nýlegri skýrslu um víðernakortlagningu þar sem augljóst sé að Geitdalsárvirkjun myndi ganga verulega á víðernasvæði sem fengið hefur númerið 12. Gerð er athugasemd við að ekki komi fram í matsáætlun með hvaða tækjum gera eigi það mat sem vísað er til. Ljóst sé hins vegar að það verði ekki gert nema með nýjustu, vísindalegustu og bestu fánlegu víðernakortlagningu svæðisins sem völ er á.	<p><i>Við gerð umhverfismatssskýrslu verður skoðað hvort umfjöllun um óbyggð víðerni verði áfram undir umfjöllun um ásýnd eða henni fundinn annars staður.</i></p> <p><i>Við mat á skerðingu óbyggðra víðerna verður m.a. notast við umrædda skýrslu. Í umhverfismatssskýrslu verður nánar gerð grein fyrir á hverju matið mun byggja.</i></p>
<b>Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST)</b>		
1	NAUST benda á að áformuð Geitdalsárvirkjun muni hafa óafturkræf umhverfisáhrif í för með sér, umhverfisrask verði af framkvæmd og ósnortin náttúra muni hljóta tjón af. Þau óefnahagslegu verðmæti sem á svæðinu finnast verði æ fátíðari og muni íslensk þjóð fátækari af óefnahagslegum verðmætum fyrir vikið.	<i>Umhverfismatssskýrslan mun leiða í ljós þau umhverfisáhrif sem reiknað er með að fyrirhuguð Geitdalsárvirkjun hafi í för með sér. Ekki er unnt að setja mælikvarða á umfang þeirra nú en ljóst er að allar framkvæmdir hafa einhver umhverfisáhrif í för með sér.</i>
2	NAUST segja að áformuð Geitdalsárvirkjun sé einungis ein af þeim virkjunum sem áætluð er á svæðinu. Að auki íhugi framkvæmdaraðili Geitdalsárvirkjunar stækkun hennar. Því sé brýnt að viðtæk skoðun verði gerð á þeim fyrirætlunum um raforku-framleiðslu sem uppi eru og umhverfisáhrif þeirra á svæðið skoðuð heildstætt.	<i>Eins og fram kom í viðbrögðum við efnisatriði 1 í umsögn Landverndar verður í umhverfismatssskýrslu gerð nánari grein fyrir því hver endanleg stærð af afköst virkjunar koma til með að verða. Hvað varðar önnur virkjunaráform, þá eru þau enn á rannsóknarstigi og ekki vitað hvort og þá hvenær umhverfisáhrif þeirra verði skoðuð.</i>
3	NAUST benda á að óbyggð víðerni njóti sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Fyrirhuguð virkjun myndi raska votlendi, stöðuvötnum og tjörnum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. grein náttúruverndarlaga.	<i>Eins og fram hefur komið verða áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á óbyggð víðerni metin. Einnig verður skoðað hvort einhverjar jarðmyndanir eða vistgerðir njóti sérstakrar verndar eins og fram kemur í kafla 2.2.</i>
4	NAUST segja brýnt að skoða samfélagsleg áhrif framkvæmda af því tagi sem um er rætt. Nú þegar þurfi íbúar í nágrenni byggðum sem verða munu fyrir áhrifum og raski vegna framkvæmda og reksturs vatnsaflsvirkjunar að búa við rask vegna flutningslína frá Kárahnjúkavirkjun. Lausleg könnun leiðir í ljós að drjúgur meirihluti íbúa er andsnúinn frekari orkuframleiðsluframkvæmdum á svæðinu. Yfirgangur gagnvart íbúum dreifðra byggða, virðingarleysi við þá lífshætti sem það fólk hefur valið sér og samráðsleysi þegar um er að ræða búsetuhætti og lífsgæði mun valda því að tengsl rofna og íbúar flytjast burt.	<i>Eins og fram hefur komið verður lagt mat á samfélagsleg áhrif í umhverfismatssskýrslu. Hvað varðar rask vegna flutningslína, skal á það minnt að fyrirhuguð er að tengja Geitdalsárvirkjun inn á kerfi Landsnets um jarðstreng.</i>
5	NAUST fá ekki séð hvaða brýnu almannahagsmunir eru í húfi á svæðinu sem réttlæti jafn gríðarlega röskun á náttúruverðmætum sem ekki má spilla samkvæmt gildandi náttúruverndarlögum.	<i>Eins og fram kemur í viðbrögðum við efnisatriði 3 í umsögn Landverndar, verður í umhverfismatssskýrslu m.a. umfjöllun um möguleg áhrif á raforkumarkaðinn hvað varðar framboð og afhendingaröryggi með tilheyrandi áhrifum á atvinnulíf og samkeppnishæfni svæðisins.</i>

Umsögn		Viðbrögð
<b>Jón Hjalti Þorsteinsson</b>		
1	Jón Hjalti vekur athygli á því að hraunin vestur og suður af Hornbrynju og aðliggjandi svæði séu óbyggð víðerni og séu flokkuð sem slík í nýrri kortlagningu Leeds háskóla í samvinnu við innlend náttúruverndarsamtök.	Áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á óbyggð víðerni verða metin eins og fram kemur í kafla 4.4.2.
2	Jón Hjalti segir vötnum á þessu svæði hafi verið raskað við Ódáðavötn en þar er miðlunarbúnaður fyrir Grímsárvirkjun í Skriðdal. Lónsstæðið í Leirudal sé í um það bil fimm kílómetra fjarlægð vestur af Ódáðavötnum. Þá sé fyrirhugað lón við Hamarsvirkjun í um það bil átta kílómetra fjarlægð sunnan við Leirudalslónstæðið. Frá fyrirhuguðu lónstæði Hamarsvirkjunar yrðu um það bil 12 kílómetrar í vestsuðvestur í Sauðavatn en úr því er miðlað vatni í Fljótsdalsstöð. Hér eru því uppi tvenn ný áform um framkvæmdir á litlu svæði innan um fyrri framkvæmdir en það kallar á að þau yrðu metin í samhengi.	Hvað varðar að meta fyrirhugaða Geitdalsárvirkjun í samhengi við mögulega Hamarsvirkjun, þá er sú síðarnefnda í ferli rammaáætlunar og alls óvíst hverjar niðurstöður þess ferlis munu verða.
3	Jón Hjalti segist fara nokkuð oft um svæðið sem um ræðir og sé því kunnugur gróðurfarinu sem er í 700 metra hæð y.s. á þessu svæði. Telur Jón Hjalti að sá gróður sem þó þrífst í þessari hæð á svæðinu sé það viðkvæmur að ekki verði hægt að græða upp röskuð svæði eftir að framkvæmdatíma líkur. Jón Hjalti telur að nóg hafi verið framkvæmt á þessu svæði og ásýnd svæðisins hafi verið nógu mikið raskað. Þá séu ótalin áhrif á hreindýr á svæðinu ef til framkvæmda kæmi.	Hér er um að ræða þrjá umhverfisþætti, sem allir verða skoðaðir við gerð umhverfismatsskýrslu sbr. umfjöllun í köflum 4.4.2, 4.4.3 og 4.4.5.
<b>Landerfingjar í Skriðdal</b>		
1	Undirrituð beina þeirri ábendingu til sveitastjórnar að vatnasvið á nærsvæði virkjunarinnar geti gefið efni til langtum stærra virkjunar en þeirrar sem framkvæmdar- aðili hefur nú auglýstan áhuga fyrir. Því skuli sveitastjórn kanna tengdar fyrirætlanir aðilans á svæðinu áður en aðalskipulagsbreytingin er staðfest, þar sem umhverfismat og upplýsingagjöf til almennings ætti í öllum tilfellum að byggja á lokamynd framkvæmdar, ekki fyrsta áfanga hennar. Það sé ljóst að þegar samþykki fáið fyrir auglýstri framkvæmd, með aðalskipulagsbreytingunni og síðar umhverfismati greiði það leið til frekari nýtingar svæðisins.	Múlaþing hefur spurt þessarar spurningar í umsögn sinni (sjá efnisatriði 4 í umsögn sveitarfélagsins).
2	Undirrituð segja Fljótsdalshérað sennilega meðal þeirra sveitarfélaga sem býr við hvað tryggustu afhendingu raforku, þar sem uppsett afl raforkuvera í sveitarfélaginu er um 720 MW. Með áframhaldandi uppbyggingu raforku dreifikerfisins, t.a.m. með Kröflulínu 3, muni öryggi afhendingar aukast enn fremur og því draga undirrituð raunverulega þörf fyrir aflstöðinni í efa.	Í umhverfismatsskýrslu verður gerð nánari grein fyrir áhrifum virkjunar á framboð, öryggi og gæði raforku á svæðinu.

Umsögn		Viðbrögð
	<p>Undirrituð segja raforkuframleiðslu í sveitarfélaginu vera með því mesta sem þekkist á landinu. Ætla megi að hún sé í dag á ársgrundvelli um 135 MWst/íbúa, ríflega tvöfalt hærri en landsmeðalframleiðsla, 55 MWst/íbúa árið 2014 skv. tölum Orkustofnunar.</p> <p>Þá búi sveitarfélagið yfir mikilli auðlind í jarðvarma Urriðavatns, en nýverið voru afköst dælingar úr borholu UV-10 aukin svo uppsett varmaafli á svæðinu í dag er ríflega 30 MW.</p> <p>Undirrituð segja að ef fyrirséð þörf væri fyrir aukinni raforkuframleiðslu innan sveitarfélagsins, væri miklu nær að skoða framkvæmd Geitdalsvirkjunar í samhengi við það. Undirrituðum þykir úr takti við kröfur um aukið umhverfisskiðgæði að ráðast í virkjun auðlinda sem ekki er brýn nauðsyn eða augljós ástæða fyrir. Því megi draga í efa eins og segir á bls. 3 í verkefnislýsingu að breytingartillagan samræmist greinargerð með aðalskipulagi með tilvísan í kafla (8.5.2) um afhendingaröryggi.</p>	
3	<p>Undirrituð benda á að svo virðist sem fyrirhugað iðnaðarsvæði sem skilgreina þarf fyrir inntakslón, stöðvarhús og fallpípu muni hafa töluverða nánd við náttúruverndarsvæði Þingmúla. Hafa þau af því áhyggjur að fyrirætlanirnar geti spillt heildarásýnd náttúru-minjanna.</p>	<p><i>Við mat á ásýnd verður skoðað hvort mannvirki virkjunarinnar breyti núverandi ásýnd svæðisins, þ. á m. umræddu náttúruverndarsvæði.</i></p>
4	<p>Undirrituð benda á að í náttúrumæskrá Fljótsdalshérað sé fjallað um Geitdalsgriðland, þar sem m.a. séu sagnir um hulduverur. Undirrituð benda á að í greinargerð með aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs komi fram að við gerð deiliskipulagsáætlana og útgáfu framkvæmdaleyfa skal tekið tillit til menningarminja og menningarlandslags í samræmi við fornleifaskráningu og staðhætti. Á grundvelli þessa sjá undirrituð ekki hvernig aðalskipulagsbreytingin komi til með að falla að markaðri stefnu sveitarfélagsins.</p>	<p><i>Náttúrumæri er annað orð yfir náttúruminjar, en samkvæmt opinberri náttúruminjaskrá eru engin svæði friðlýst eða vernduð á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Hvað varðar menningarminjar og menningarlandslag, þá verða, eins og fram kemur í matsáætlun, fornleifar á svæðinu skráðar og kortlagðar og mat lagt á hvort þær verði fyrir áhrifum.</i></p>
5	<p>Undirrituð gera athugasemd við að miðlunin Leirudalslón og vegstæði að henni komi til með að liggja innan miðhálandislínu og telji því til víðerna þess. Undirrituð telja því að fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi sé á skjön við landsskipulagsstefnu og draga í efa að sveitarfélagið hafi heimild til ráðstöfunar svæðisins með þessum hætti.</p>	<p><i>Þess ber að geta að ekki er sjálfgefið að landsvæði flokkist sem víðerni þó svo að það sé innan miðhálandislínu.</i></p>
<b>Þórhallur Pálsson</b>		
1	<p>Þórhallur bendir á að fjallaskálinn Bjarnarhíði sé ritaður með í-i en ekki ý-i eins og gert er í matsáætlun.</p>	<p><i>Framkvæmdaraðili þakkar umrædda leiðréttingu.</i></p>
2	<p>Þórhallur styður fyrirhugaða framkvæmd og segir hana „<i>engu spilla þarna í auðninni</i>“.</p>	<p><i>Ekki er þörf á viðbrögðum.</i></p>

Umsögn		Viðbrögð
<b>Pétur Heimisson</b>		
1	<p>Pétur telur umrætt svæði til lengri tíma mikilvægara ósnortið en virkjað. Segir hann hverja einstaka ákvörðun um að virkja fallvötn á Austurlandi frekar en orðið er, vera um leið ákvörðun um að eyðileggja enn meira af víðernum á Austurland, í þessu tilviki svokallaðra Hrauna. Ekki hafi verið sýnt fram á að raunveruleg þörf sé fyrir þá orku sem þarna eigi að beisla. Verði þessi virkjun að veruleika, þá minnki mjög aðgengi okkar og komandi kynslóða að villtri náttúru á víðernum fjalla Austurlands. Segir Pétur vaxandi fjölda rannsókna sýna að fólk sæki andlega orku (sálræn endurheimt) í ósnortna náttúru. Að skerða aðgang að slíku séu sterk rök fyrir því að vernda þau fallvötn sem hér um ræðir. Þar berum við ekki bara ábyrgð gagnvart íslensku samfélagi heldur á heimsvísu þar sem ósnortnum víðernum fari mjög fækkandi.</p>	<p><i>Eins og áður hefur komið fram verða áhrif á óbyggð víðerni metin í umhverfismatsskýrslu. Einnig verður umfjöllun um möguleg áhrif á raforkumarkaðinn hvað varðar framboð og afhendingaröryggi með tilheyrandi áhrifum á atvinnulíf og samkeppnishæfni svæðisins.</i></p>
2	<p>Pétur segir áhrif umræddrar virkjunar óafturkræf, enda ekki hægt að snúa áhrifum slíkra framkvæmda til baka og endurlífga fossaraðir svo eitthvað sé nefnt. Hagsmunum komandi kynslóða og mannréttindum þeirra sé augljóslega betur borgið með því að virkja ekki umræddan virkjunarmöguleika, heldur leggja það í hendur þeirra sem á eftir okkur koma að ákveða hvort virkja þurfi síðar.</p>	<p><i>Áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á fossa verða metin í umhverfismatsskýrslu. Hér skal þó tekið fram að öll áhrif rennslisbreytinga eru afturkræf og því ekki rétt með farið í þessari athugasemd.</i></p>
3	<p>Pétur segir að náttúran eigi sinn tilvistarrétt óháð okkur mannfólki, enda eigum við ekki náttúruna né er hún til fyrir okkur umfram annað líf. Við séum hluti af náttúrunni og hinum flókna vef lífsins sem allar lífverur spinni, ekki síst smáar og örsmáar. Ákvörðun um að heimila umrædda virkjun feli í sér ákvörðun um að spilla heimkynnum sumra þessara lífvera um alla framtíð, mögulega með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir enn fleiri lífverur, þ. á m. mannfólk.</p>	<p><i>Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir þeim umhverfisáhrifum sem fyrirhuguð framkvæmd hefur líklega í för með sér. Eftir því sem við á, verður jafnframt sett fram lýsing á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem ætlað er að draga úr umhverfisáhrifum. Þegar leyfisveitandi tekur saman greinargerð um afgreiðslu leyfis, gerir hann rökstudda grein fyrir samræmi við niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar.</i></p> <p><i>Af framansögðu má ljóst vera að ákvörðun um að heimila umrædda virkjun verður tekin á grundvelli ítarlegra gagna og yfirgripsmikillar þekkingar á áhrifum framkvæmda sem þessarar. Ófyrirsjáanlegar afleiðingar verða því að teljast ólíklegar.</i></p>
4	<p>Pétur segir anda og markmið laga um náttúruvernd ekki síst vera þann að varðveita beri eftir fönngum náttúru landsins og að hún fái að þróast á eigin forsendum og svo að stuðla að samskiptum manns og náttúru og að tryggja almannarétt til að fara um landið og njóta náttúru þess. Það ásamt því að ekki hafi verið sýnt fram á nauðsyn þess að ráðast í umrædda virkjun séu sterk rök gegn því að heimila að ráðist verði í gerð þessrar virkjunar.</p>	<p><i>Ein af þeim meginreglum sem settar eru fram í lögum um náttúruvernd (6. gr.) er að „við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.“ Af þessu má sjá að lög um náttúruvernd koma ekki í veg fyrir framkvæmdir sem kunna að hafa áhrif á umhverfið.</i></p>

Umsögn		Viðbrögð
<b>Stefán Skafti Steinólfsson</b>		
1	Stefán segir að um gríðarmikla og óafturkræfa skerðingu og spjöll verði að ræða. Sviðinhornahraun séu síðasta óspillta víðerni á mjög stóru svæði austanlands og hefði mikil áhrif á vatnasvæði og náttúrufráhráunanna.	<i>Eins og fram hefur komið verða áhrif á óbyggð víðerni metin í umhverfismatsskýrslu.</i>
2	Stefán fullyrðir að mikil og neikvæð umhverfisáhrif verði af lónsstæðinu, rof á jarðvegi, sandburður, leirburður og jarðvegsfok. Þá verði uppblástur illviðráðanlegur.	<i>Eins og fram kemur í viðbrögðum við efnisatriði 7 í umsögn Náttúrufræðistofnunar verða áhrif sveiflna í lónunum skoðuð m.t.t. rofs og uppblásturs í umhverfismatsskýrslu.</i>
3	Stefán segir áhrif verða mikil á vatnasvæðið, rennsli fossa muni skerðast og þeir hverfi hluta úr ári. Þá muni viðkvæmar lífverur skaðast.	<i>Þessi atriði verða öll til skoðunar í umhverfismatsskýrslu.</i>
4	Stefán segir mikið rask verða vegna lagningar vega og áveituskurða. Þá muni viðkvæmur gróður skemmast og verða fyrir álagi vegna aukins átroðnings.	<i>Ekki verður hjá því komast að raska gróðri þar sem vegir verða lagðir. Reynt verður að staðsetja hann þannig að áhrifin verði í lágmarki. Reynt verður að forðast rask á viðkvæmum gróðri og allt rask mun einkorðast við sjálft framkvæmdasvæðið.</i>
5	Stefán bendir á að Geitdalur og hans vatnasvæði sé órofa heild Hraunanna og skerðing á náttúru hans megi ekki verða vatn á myllu áætlananna um virkjun í Hamarsdal. Mikil hætta sé á því. Með því að rjúfa heildina og sérstöðu Hraunanna sé ómetanlegum auðæfum fórnað með óafturkræfum framkvæmdum.	<i>Ekki verður séð af hverju fyrirhuguð áform verði vatn á myllu áætlananna um Hamarsvirkjun frekar en núverandi Sauðárveita eða veita Grímsárvirkjunar í Ódáðavötnum.</i>
<b>Guðmundur Ármannsson og Gréta Ósk Sigurðardóttir</b>		
1	Guðmundur og Gréta gera alvarlega athugasemd við að aftur skuli uppi áform um að seilast í og raska meiru af þeim litlu víðernum á Austurlandi sem enn eru ósnortin, eftir það svöðusár sem Kárahnjúkavirkjun er í náttúru Austurlands, og þau neikvæðu og óafturkræfu áhrif fari stigvaxandi með hverju árinu sem líður og aðeins brotabrot af þeim ósköpum séu enn komin fram. Það sé með öllu óboðlegt að herja eigi á það litla sem hér er eftir af ósnortnum víðernum. Í Geitdalnum er fallett gróið land, fallegar ár, fiskur og fossar og viðkvæm og sjaldgæf vist og plöntukerfi, griðland hreindýra og fugla og blessun núverandi sem komandi kynslóðum til handa að eiga slíkt land óraskað.	<i>Þau atriði sem hér eru nefnd verða öll til umfjöllunar í umhverfismatsskýrslu. Þar verða birtar niðurstöður rannsókna þessara umhverfisþátta og áhrif fyrirhugaðra framkvæmda metin eftir fremsta megni.</i>
2	Guðmundur og Gréta vekja athygli á því að núna fari um 80% af allri raforku framleiddri hér á landi til stóriðju og að við séum mestu raforkuframléiðendur heims per haus. Þeir sem áhuga hafi á að taka til sín sem flestar ár til raforkuframléiðslu séu vitanlega að hugsa eingöngu um eigin hag, eigin fjárhag. Það sé með öllu ólíðandi að slíkir hafi frjálstan aðgang að náttúru landsins og að almenningur hafi ekkert um það að segja. Þessu megi líkja við að peningmenn hafi skotleyfi á ósnortna náttúru. Það sé kominn	<i>Varðandi það hvort þörf sé á aukinni orkuframléiðslu vísast í viðbrögð við efnisatriði 2 í umsögn landerfingja í Skriðdal. Það að 80% raforku fari til stóriðju, má líta á sem framlag Íslands til minni koltvísyringslosunar og þar með loftslagsváringar þar sem um er að ræða</i>



Umsögn	Viðbrögð
<p>tími til að stofnanir þær er fari með leyfisveitingar standi í lappirnar og hugi að hagsmunum íbúa í landinu og hafi ætíð til hliðsjónar framtíð komandi kynslóða.</p> <p>Nú á tímum er loftslagsváin vomir yfir sé ekki hægt að halda partíinu áfram og vatnsaflsvirkjanir og umfram framleiðsla raforku eigi ekki að vera næsta mál á dagskrá. Nú þurfi að skipuleggja málin upp á nýtt og leggja ekki meir af náttúruauðlindinni undir þar sem það er ekki brýn þörf á. Lífnaðarhættir okkar séu æ meir til umræðu og sýnt sé að mörgu þarf að breyta. Yngri kynslóðir hafi orðið stórar áhyggjur af sinni framtíð og þrýsta á okkur sem eldri erum að taka tillit til framtíðarmöguleika þeirra. Því sú skylda hvíli á okkur að við skilum landinu til komandi kynslóða þannig að þær hafi líka val.</p>	<p><i>íðnað sem að öðrum kosti yrði rekinn annars staðar með orku sem losar margfalt magn koltvísýrings.</i></p>
<p>3</p> <p>Guðmundur og Gréta minnst í lokin að „stríðið“ sem geysaði fyrir austan á tímum Kárahnúkaframkvæmdanna manna á millum. Margir fluttu burt og tengsl rofnuðu, vina og fjölskyldu sem og nágretta á millum. Þetta hafi verið skelfilegur tími þar sem reynt var og líf og sál, heimili og hönd lögð undir, til að afstýra því hrikalega umhverfis-slysi/hryðjuverki á náttúrinni sem sú stórframkvæmd var. Þessu segjast þau aldrei munu gleyma og aldrei jafna sig á. Það gefi auga leið að allt tal um að nú eigi að blása í herlúðra að nýju, eyðileggja friðsamlega sambúð í litlum samfélögum með allri þeirri sálarangist er því fylgir, veki upp ugg og skelfingu í þeirra hjörtum. Þau segjast vera lúin og þreytt og langar allra síst í aðra baráttu til að verja landið sitt; en þar sem stjórnvöld og tilskipaðar stofnanir bregðast þá eigi þau engra kosta vöð. Öll lög voru brotin á tímum Kárahnúkaframkvæmdanna, friðuð svæði voru affriðuð með einu pennastriki og orð Valgerðar Sverrisdóttur er hún viðhafði þegar fyrsta skóflustungan var tekið að málbræðslu Alcoa í Reyðarfirði “BENDING ALL THE RULES, JUST FOR THIS PROJECT” munu lifa með þjóðinni um aldur og ævi, þar sem þau segja að allt sé falt og lög og reglur fjúka bara fyrir peningaöflin.</p>	<p><i>Hér verður ekki lagt mat á „stríðið“ sem Guðmundur og Gréta kalla að hafi ríkt meðan á framkvæmdum stóð við Kárahnjúkavirkjun. Þó skal það tekið fram að það er afar langsótt að ætla að bera fyrirhugaðar framkvæmdir vegna Geitdalsárvirkjunar saman við framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun.</i></p>
<p><b>Ingibjörg Jónsdóttir, Jónína Zophoníasdóttir og Einar Hróbjartur Jónsson</b></p>	
<p>1</p> <p>Ingibjörg, Jónína og Einar segja miklu hafa verið raskað á óbyggðum víðáttum Austurlands í þágu orkuvinnslu og að nú liggja fyrir að vatnasvið síðasta hluta Hraunasvæðisins svokallaða, sé næst á dagskrá. Þau segja með öllu ótrúlegt að náttúru Austurlands og þeim, sem bera mikla virðingu fyrir náttúru landsins, sé boðið upp á þetta enn eina ferðina, sérstaklega eftir það sem á undan er gengið með allri þeirri eyðileggingu á náttúrunni sem átti sér stað við risu Kárahnjúkavirkjunar.</p>	<p><i>Eins og fram hefur komið verður í umhverfismatsskýrslu lagt mat á áhrif á óbyggð víðerni. Þá er eins og fram kemur í viðbrögðum við efnisatriði 4 í umsögn Guðmundar og Grétu, afar langsótt að ætla að bera fyrirhugaðar framkvæmdir vegna Geitdalsárvirkjunar saman við framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun.</i></p>



Umsögn		Viðbrögð
2	Ingibjörg, Jónína og Einar benda á markmið 1.1 í landsskipulagsstefnu, sem fjallar um víðerni og náttúrugæði. Þar segir að stefnt sé að því að „viðhaldið verði sérkennum og náttúrugæðum miðhálandisins með áherslu á verndun víðerna hálandisins, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda og verðmætra menningarminja.“ Ingibjörg, Jónína og Einar sjá ekki að Geitdalsárvirkjun styðji við þetta markmið í landsskipulagsstefnu. Eins sé ekki minnst á í matsáætlun hvaða áhrif það hefur á verndargildi svæðis að framkvæmdasvæðið er bæði innan miðhálandislínu og möguleg þjóðlenda.	<i>Eins og fram kemur í kafla 2.1 í matsáætlun verður í umhverfismatsskýrslu fjallað um hvernig fyrirhuguð framkvæmd fellur að stefnumörkun Landsskipulagsstefnu 2015-2026, þar á meðal umræddu markmiði 1.1.</i>
3	Gerð er athugasemd við að í matsáætlun sé ekki minnst á mat á víðernaskerðingu með hliðsjón af kortlagningu sem gerð hefur verið á víðernum.	<i>Þetta er ekki alls kostar rétt því að í kafla 4.4.2 kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði metið hvort fyrirhugaðar framkvæmdir skerði óbyggð víðerni.</i>
4	Ingibjörg, Jónína og Einar benda á að innan fyrirhugaðs virkjunarsvæðis séu votlend svæði, tjarnir, stöðuvötn, gróður og fuglar sem njóta sérstakrar verndar. Að mati þeirra eru engir ríkir almannahagsmunir í húfi né orkuþörf sem réttlætir eyðingu verndaðra vistkerfa og lífvera.	<i>Í umhverfismatsskýrslu verða skoðuð áhrif á þá þætti sem njóta verndar. Á þessu stigi er ekki tímabært að leggja mat á hvort þau áhrif séu réttlætanagerleg.</i>
5	Bent er á að framkvæmdin muni hafa áhrif á fossa á svæðinu og að það þurfi að kortleggja það í umhverfismati með skýrum hætti. Engir ríkir almannahagsmunir séu í húfi né orkuþörf sem réttlæti það rask sem mun eiga sér stað á fossum svæðisins.	<i>Eins og fram kemur í kafla 4.4.1 í matsáætlun verða áhrif rennslisbreytinga á fossa metin. Á þessu stigi er ekki tímabært að leggja mat á hvort þau áhrif séu réttlætanagerleg.</i>
6	Ingibjörg, Jónína og Einar segja að meta þurfi jarðveg í fyrirhuguðu lónsstæði með tilliti til uppblásturs vegna árstíðabundna sveiflna á hæð lónsins en ekki sé minnst á það í matsáætlun. Uppblástur geti haft áhrif á nálægan gróður og valdið jarðvegsrofi.	<i>Eins og fram kemur í viðbrögðum við efnisatriði 7 í umsögn Náttúrufræðistofnunar, verða umrædd atriði skoðuð og gerð grein fyrir þeim í umhverfismatsskýrslu.</i>
7	Ingibjörg, Jónína og Einar segja mikilvægt að leggja mat á sjálfbærni verkefnis og vörunnar sem um ræðir í stærra samhengi. Hér virðist sem varan gefi lítið til samfélagsins, efnahagslegur ágóði endi í vasa fárra aðila og óbætanagerlegur skaði liggi hjá náttúrunni þar sem vernduðum vistkerfum, fossum og óbyggðum víðernum er fórnnað.	<i>Framkvæmdaraðili mun í umhverfismatsskýrslu skoða hvernig fyrirhuguð framkvæmd fellur að markmiðum sjálfbærrar þróunar, sem er eitt markmiða laga um mat á umhverfisáhrifum.</i>
8	Að lokum er Skipulagsstofnun hvött til að hafna þessari matsáætlun þar sem ekki verði séð að það rask sem verði við Geitdalsárvirkjun, sé hægt að réttlæta á nokkurn hátt.	<i>Í þessu samhengi skal á það bent, að niðurstöður umhverfismats liggja ekki fyrir. Í umhverfismatsskýrslu verða niðurstöður rannsókna og mat áhrifa, byggt á þeim, sett fram. Út frá þeim niðurstöðum verður skoðað hvort umhverfisáhrifin teljist réttlætanagerleg.</i>



MANNVIT

Virðingarfyllt,  
F.h. Geitdalsárvirkjunar ehf.  
Haukur Einarsson